

Ed.

62. Tillaga

til þingsályktunar um ungmennaskóla í Reykjavík.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að gera eftirfarandi ráðstafanir til þess að ungmennaskóli fyrir Reykjavíkurbæ verði stofnaður nú í haust sem kemur:

1. Að ráða, eftir tillögu fræðslumálastjóra, forstöðumann fyrir skólann með

eins árs samningi. Laun skulu vera jöfn launum forstöðumanns stýri-
mannaskóla.

2. Að heimila alt að $\frac{2}{3}$ af bekkjarúmi í mentaskólanum, kennaraskólanum og stýrimannaskólanum síðari hluta dags til afnota fyrir ungmennaskóla Reykjavíkur.
3. Að freista að ná samkomulagi við eiganda »Nýja Bíó« um, að nota megi sal kvikmyndahússins til kenslu fyrir nemendur ungmennaskóla Reykjavíkur fyrri hluta dags, fyrir sanngjarna leigu.
4. Að fela forstöðumanni skólans, í samráði við fræðslumálastjóra, að gera bráðabirgðareglugerð fyrir skólann, og taka þar einkum til fyrirmyndar reynslu skólanna að Núpi og Laugum, að því leyti sem staðhættir leyfa.
5. Að láta kenslu skólans miðast við tvö ár, sjö mánuði hvorn vetur.
6. Að láta ákveða 100 kr. skólagjald vetrarlangt fyrir hvern nemanda og verja því til að standa straum af tímakenslu við skólann. Ennfremur má úr landssjóði greiða alt að 1000 kr. styrk til skólans vegna hverra 25 nemenda, er njóta þar kenslu.
7. Að láta gera fyrir næsta þing áætlun og teikningu af hæfilega stóru skólaeldhúsi fyrir ungmennaskóla Reykjavíkur, og verkstæði, þar sem kenna mætti ungum mönnum ýmiskonar vinnubrögð, einkum einfalt steinsmiði og trjesmiði.

Greinargerð.

Reykjavík hefir lengi vantað heppilegan ungmennaskóla með aðstöðu til að veita það verklegt nám, sem nauðsynlegt má telja hverjum manni, karli eða konu. Talað er að vísu um að reisa skóla, sem bætti að nokkru úr þessari vöntun. En full ástæða er til að efast um, að sá skóli verði bygður mjög fljótt, þegar litið er á fjárhag bæjarins og landsins. Mætti því svo fara, að bærinn yrði án ungmennafræðslu enn um nokkur ár, ef ekki er leitast við að finna auðveldari og fljótfarnari leiðir.

Landið hefir umráð yfir þrem allrúmgóðum skólum, er vitanlega eru ónotaðir síðari hluta dags. Með því að leggja dúka á gólf og ganga í skólum þessum, sem gera ætti hvort sem er, og setja í bekkina nýttisku loftræstingu er ekkert til fyrirstöðu að nota bekkina meir en nú er gert. Í hinum umtalaða gagnfræðaskóla bæjarins er auk þess gert ráð fyrir kvöldkenslu í stofum, sem annar skóli notar fyrri hluta dags. En í viðbót við skólahús landsins er hjer hinn prýðilegasti fundarsalur »Nýja Bíó« auður fyrri hluta dags. Hefir eigandi hússins margoft sagt, að hann væri fús að lána salinn framan af degi til að kenna börnum eða unglíngum, ef bærinn eða landsstjórnin óskar þess, og vera vægur um leigumála. Mætti þar kenna nemendum sameiginlega fyrri hluta dags með fyrirlestrum, skuggamyndum og kvikmyndum, og er lík aðstaða við suma hina frægustu skóla í næstu löndum. En síðari hluta dags væri bekkjarkensla í 2—3 stundir í landsskólunum. Á þennan hátt mætti þegar í stað bæta úr ítrustu

þörf Reykjavíkur hvað fjölda nemenda snertir. Skólinn yrði mjög ódýr landinu. Reynsla fengist um val á forstöðumanni og kennurum, svo og um það framtíðarskipulag, sem best þætti henta um ungmennafræðslu í höfuðstaðnum. Auk þess væri undirbúin verkleg kenning fyrir karla og konur, og munu flestir játa, að í því efni sje þörfin mjög brýn.